

Fundur skipulags- og samgönguráðs 26. janúar 2022:***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skoðanakönnun á meðal íbúa Skerjafjarðar – US220024***

Lagt er til að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa Skerjafjarðar vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og uppbyggingaráforma á flugvallarsvæðinu. Skapað hefur verið fordæmi fyrir slíkri könnun á viðhorfi íbúa til skipulagsáforma með Gallup könnun sem gerð var nýlega meðal íbúa í Háaleitis- og Bústaðahverfi. Til að gæta jafnræðis meðal íbúa borgarinnar er rétt að slík könnun fari einnig fram vegna skipulagsáforma í Skerjafirði.

Greinargerð:

Mikil andstaða hefur verið við uppbyggingaráformin í Skerjafirði og fyrirhugaða landfyllingu. Lítið samráð hefur verið við íbúa þrátt fyrir mikil mótmæli íbúa og varnaðarorð eftirlitsstofnana. Haldinn var kynningarfundur í Ráðhúsi Reykjavíkur um rammaskipulagið þar sem einungis fjórar fyrirspurnir voru leyfðar. Seinni fundurinn var netfundur þar sem íbúar þurftu að senda inn fyrirspurnir með sólarhrings fyrirvara og var þeim ekki öllum svarað á fundinum. Sömuleiðis gafst fundarmönnum ekki tækifæri á að bregðast við þeim fáu svörum sem þó komu á fundinum sjálfum. Borgaryfirvöldum ætti að hafa verið ljóst frá upphafi að mikil andstaða er við uppbyggingaráformin meðal íbúa í Skerjafirði enda hafa íbúasamtökin; Þrýðifélagið Skjöldur, sent ítrekað frá sér ályktanir og mótmælt uppbyggingaráformunum. Samkvæmt skipulagslögum ber að hafa samráð við íbúa sem var virt að vettugi í þessu skipulagsferli en góð leið í samráðsferli er að gera skoðanakönnun meðal íbúa eins og fordæmi hefur skapast fyrir.